



Landssamband æskulýðsfélaga

## Fulltrúaráðsfundur LÆF

Haldin í Hinu Húsinu 2. mars 2010  
frá kl. 19:00-21:00

**Mættir voru:** Hreiðar Már Árnason SÍF (HMÁ), Sema Erla Serdar UJ (SES), Steinunn Anna Baldvinsdóttir SUF (SAB), Kjartan Hansson AIESEC (KH), Ágústa Ósk Aronsdóttir URKÍ (ÁÓA), Ágúst Bjarni Símonarson IUT (ÁBS), Sabine Leskopf AUS (SL), Unnur Hjálmarsdóttir formaður LÆF (UH), Sindri Snær Einarsson varaformaður LÆF (SSE), Auður Geirsdóttir gjaldkeri LÆF (AuG), Björn Guðmundsson alþjóðafulltrúi LÆF (BG) og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri LÆF (HTF).

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Fulltrúar boðnir velkomnir  
*Auður Geirsdóttir, gjaldkeri LÆF*
  2. Skilgreining á hugtakinu æskulýðsfélag  
*Hildur Tryggvadóttir Flóvenz*
  3. Niðurstaða spurningakönnunar aðildarfélaga  
*Auður Geirsdóttir*
  4. Sambandsþing 2010  
*Unnur Hjálmarsdóttir*
  5. Opið hús – spurningar og umræður  
*Auður Geirsdóttir*
  6. Umræður og önnur mál
- 
1. AuG bauð fundargesti velkomna og bað þá að kynna sig með nafni og frá hvaða félagi þeir komu.
  2. HTF fjallði um skilgreiningu á hugtakinu æskulýðsfélag og fór í gegnum það afhverju LÆF teldi það mikilvægt að skilgreina þetta hugtak. HTF sagði frá því að hvergi væri til nein formleg skilgreining á því hvað æskulýðsfélag sé og það hamli ýmissi vinnu t.d. þegar kemur að úthlutunum úr æskulýðssjóði en þar hafa t.d. aðildarfélögum í LÆF verið hafnað á þeirri forsendu að þau séu ekki æskulýðsfélög. HTF sagði að stjórn LÆF teldi það því mjög mikilvægt að LÆF hæfi þessa umræðu og setti fram sína eigin skilgreiningu. HTF óskaði eftir umræðu um hvað ætti í heima í skilgreingu sem þessari.

UH tók undir þessi orð HTF.

SL spurði hvaða félög hjá LÆF það væru sem hefðu fengið höfnun hjá Æskulýðssjóði. HTF svaraði að það væri einkum SÍNE en einnig fleiri félög.

HMA sagði að vissulega þyrfti að vera einhver aldurskilgreining en fyrst og fremst þyrftu að vera lýðræðisleg vinnubrögð og að ungt fólk væri með í ráðu og hefði áhrif. Æskulýðsfélög ættu því að vera lýðræðisleg og óháð.

SL benti á að í skilgreingu ætti að taka á rekstarformi þ.e. að félögin væru ekki rekin af hagnaðarsjónarmiðum.

UH spurði hvort mikil áhersla ætti að vera á aðkomu ungs að stjórnun félaga í því ljósi að til eru félög sem vinna mikið með börnum og unglingum en fullorðinir stjórna starfseminni.

AUG benti á í þessu samhengi á að önnur umræða tengist þessar og það er hvernig ungt fólk er skilgreint, hvaða hópur er ungt fólk?

SL sagði frá því að AUS hefði fengið neitun á dvalarleyfum fyrir sjálfboðaliða erlendis frá sem væru eldri en 26 ára á þeim rökum að það væri ekki lengur ungt fólk.

AUG benti á að á mörgum stöðum innan Evrópu væri viðmiðið 29-30 ára. HTF og SSE bentu á að hjá stjórnmalaflokkum er ungt fólk skilgreint til 35 ára, hjá Evrópusambandinu til 30 ára, hjá Sameinuðu þjóðunum til 25 ára, hjá alþjóða Rauða krossinum til 35 ára og í æskulýðslögum á Íslandi, einkumm aldurinn 6-25 ára.

UH spurði fundarmenn hvort þeir og þeirra félög hefðu yfirhöfuð áhuga þessum málum eða hefðu velt þeim fyrir sér. Hún áréttaði einnig að ástæðan fyrir því að LÆF væri í þessari umræðu væri sú að rétta stöðu æskulýðsfélaga gangvart æskulýðssjóði en einnig að LÆF talaði nú fyrir því við stjórnvöld að sett yrði heildarstefna í æskulýðsmálum hér á landi. Fyrir stefnu sem þá væri mikilvægt að vera búin að skilgreina hvað er ungt fólk og hvað eru æskulýðsfélög og stefna sem þessi myndi líklega á einhvern hátt hafa áhrif á æskulýðsfélög í landinu.

UH spurði hver væri aldur í félögum fundarmanna.

SL sagði að markhópur AUS hvað varðar sjálfboðið starf væri 18-30. Hins vegar væru félagsmenn á víðara aldursbili.

BG sagði að félagsmenn í SHÍ væru að sjálfsögðu allir nemendur Háskóla Íslands sem væru á víðu aldursbili en flestir væru milli tvítugs og þrítugs.

ÁBS sagði að IUT væri að endurskilgreina starfsemi sína og ætlaði að skipta starfinu upp í þrjá aldurshópa 13-16 ára, 16-20 ára og 20-30 ára. Fulltrúar úr öllum aldurshópum munu verða í áhrifastöðum.

ÁÓA sagði að URKÍ væri með fast starf fyrir börn og unglinga upp í 16 ára aldur. Svo væru flestir virkir sjálfbodaðliðar í Urkí á aldrinum 16-30 ára og það væri því helsti markhópur félagsins.

KH sagði félagsmenn í AIESEC væru á bilinu 18-30 ára en flestir í kringum tvítugt.

SAB sagði flesta virka félaga í SUF vera milli tvítugs og þrítugs en félagið væri opið fyrir ungt fólk á aldrinum 16-35 ára

HMA sagði að SÍF væri náttúrlega félag framhaldsskólanema og framhaldsskólanemar væru á víðu aldursbili. Stjórnir nemendafélaga framhaldsskólan væru þó oftast stýrt af nemendum á aldrinum 18-20 ára og meðalaldur væri í kringum 18 ár.

UH spurði hvort allir væru sammála því að þau félög sem rætt hefði verið um á fundinum væru öll æskulýðsfélög og svo virtist vera.

HMA sagði þó að í mörgum félögum mætti tryggja betur aðkomu ungs fólks að ákvarðantöku.

HTF spurði fundarmenn hvort þeir teldu að LÆF væri á réttu braut með að velta þessu upp? SSE svarði að það væri klárt enda hafi enginn getað komið sér saman um hvað æskulýðsfélag er ekki einu sinni Æskulýðsráð sem hann situr í.

ÁBS spurði hvort það myndi hafa einhver áhrif á þá sem stjórna t.d. Æskulýðssjóði ef LÆF setti fram skilgreingu á æskulýðsfélagi. UH svarði því til að það myndi hafa áhrif. LÆF hefði undanfarið orðið þekktara meðal stjórnýslunarr og stjórnálagamann og meira væri leitað til félagsins eftir álitum og upplýsingum um æskulýðsmál. HTF benti einnig á að SSE sæti í Æskulýðsráði fyrir hönd LÆF og UH væri varamaður í stjórn Æskulýðssjóðs fyrir hönd LÆF.

SL spurði hverjir sætu í stjórn æskulýðssjóð. UH svarði að Óskar Dýrmundur Ólafsson formaður Æskulýðsráðs væri formaður Æskulýðssjóðs en hún myndi ekki allveg nöfnin á öðrum stjórnarmönnum en í stjórninni væru tveir aðalmenn og svo eru skipaðir tveir varamenn.

UH lagði það fyrir fundinn hvort stjórn LÆF ætti að halda áfram með þessa umræðu og mynda fastmótaðir tillögur fyrir umræðu á Sambandsþingi í vor. Það var samþykkt.

3. AuG fór yfir helstu niðurstöður spurningakönnunar aðildafélaga sem LÆF stóð fyrir 26.janúar til 24. febrúar s.l. 10 félög af 23 svöruðu könnuninni. Hún sagði að á heildina litið væru aðildarfélag frekar ánægð með starfsemi LÆF og sérstakleg ánægja verð með námskeiðahaldið. AuG sagði að samkvæmt könnunni ættu helstu hlutverk LÆF að vera að veita upplýsingar til félaga einkum um mögulega styrki, standa fyrir verkefnum sem koma æskulýðsfélögum til góða og verja hagsmuni æskulýðsfélag við stjórnvöld.

AuG sagði einnig að komið hefði fram að 80% svarenda hefðu áhuga á að eiga fulltrúa í stjórn LÆF. UH velt í framhaldinu upp spurningunni af hverju væri þá svo erfitt að fá fólk í stjórn LÆF og hvort einhver fyrirstaða væri fyrir því að fólk sæktist eftir kjör í stjórn. SSE taldi það vera að fólk viti ekkert hvað æska er og hvað LÆF gerir og halda kannski

að bara sé verið að ræða um börn og unglina. HTF taldi það helst vera að félagar í aðildarfélögum hafa ekki hugmynd um hvað LÆF er.

AuG sagði að fram kæmi í könnuninni að aðildarfélög teldu þekkingu sinna félaga á LÆF vera heldur litla og þekkingin væri þá helst innan stjórna en lítið utan þeirra. 70% svarenda fannst frekar lítil þekking vera á LÆF innan sinna félaga. Spurt var því hvort fundarmenn teldu að LÆF væri að gera eitthvað vitlaust varðandi upplýsingaveitu til aðildarfélaga og hvað væri hægt að gera til auka það. Engin skýr svör bárust.

AuG sagði að svarendur hefðu tekið jákvætt í að LÆF færi eftir 6.gr. laga LÆF um að aðildarfélög skiluðu árskýrslu og upplýsingum um stjórn til LÆF eftir aðalfundi sína.

Fram kom að 4 af 10 hefðu ekki áhuga á að fulltrúi frá LÆF væri viðstaddur aðalfund hjá sínu félagi. HTF áréttaði að þessi spurning og spurning um 6.gr. væru ekki til þess að LÆF gæti njósnað um félögin sín heldur væri þetta til þess að LÆF gæti öðlast betri þekkingu á starfsemi aðildafélaga sinna og þannig haft betri yfirsýn yfir starfsemi þeirra. Það væri í raun nauðsynlegt fyrir LÆF að hafa góða þekkingu á starfsemi aðildafélaga sinna.

AuG sagði frá því að einnig hefði verið nokkrar opnar spurnignir í könnuninni og þar hafi komið fram ferkar jákvæð viðhörf en einnig góðar ábendingar um hvað LÆF mætti gera til að standa sig betur.

UH sagði að tvær niðurstöður í könnuninni væru tilefni til umræðu af hennar hálfu. Annars vegar þá litlu þekkingu sem virðist vera á LÆF innan aðildarfélaga sinna og þá niðurstöðu að öll félög sem svörðu vildu að hlutverk LÆF væri að verja hagsmuni æskulýðsfélaga gangvart stjórnvöldum en eingöngu 50% svarenda vildu að LÆF gætti hagsmuna alls ungs fólks gangvart stjórnvöldum. UH óskaði eftir umræðu um þessa tvo punktar.

SES sagði varðandi þekkingu á LÆF væri það oft þannig að upplýsingarnar stoppuðu einhverstaðar. T.d. stoppaði póstlisti LÆF oft hjá þeim sem fengi hann og kæmist því ekki til skila innan aðildafélaga.

HTF benti á að allir sem vilja geta fengið póstlistann sendan til sín og að hann sé eitt helsta upplýsingatæki LÆF.

ÁBS spurði hversu oft póstlistinn bærisk. HTF sagði að hann kæmi 2-4 sinnum í mánuði. UH, AuG og SSE útskýrðu uppsetningu póstlistans og hvað kæmi fram í honum.

UH varpaði fram þeirri spurning hvort LÆF ætti að kynna sig meira opinberlega. SSE sagði frá því að LÆF hefði tekið sig á í greinarskrifum og kynningu á félaginu meðal stjórnsýslunnar og stjórnámálanna.

SL velti fyrir sér umboði LÆF til að vera hagsmunafélags alls ungs fólks. Hefði félagið ekki eingöngu umboð aðildarfélaga sinna?

UH sagði frá því að LÆF hefði gert ýmislegt sem væri ekki eingöngu hagsmunagæsla æskulýðsfélaga heldur einnig ungs fólks í heild t.d. varðandi vinnu ríkisstjórnarinnar við

Sóknaráætlun 20/20. UH hafði áhuga á því að vita hvort fundarmenn teldu að með svona vinnu væri LÆF að taka beyju sem aðildarfélög væru ekki sátt við.

ÁÓA sagðist vera á þeirri skoðun að æskulýðsfélög ættu að vera opin öllu ungu fólki og því væri mikilvægt að verja hagsmuni alls ungs fólks. BG tók undir það og sagði það miklu meiri ávinning að hafa breiða samstöðu meðal ungs fólks en bara innan æskulýðsfélaga.

ÁÓA spurði hvort ákveðið hefði verið að senda svona könnun út reglulega. UH og SSE svörðu því til að þessi stjórn hefði ákveðið að gera þetta og hún hefði umboð til næsta sambandsþings en vissulega vonuðu þau að þetta yrði gert reglulega.

ÁÓA benti á að svona könnun myndi líklega hvetja aðildarfélög til að hugsa meira um LÆF og starfsemi þess.

- UH sagði frá því í stuttu máli hvað er sagt um Sambandsþing í lögum LÆF en þar kemur m.a. fram að halda skal þingið fyrir lok maí ár hvert. UH kallaði eftir umræðu frá fundarmönnum um hvernig best væri að haga þinginu og halda það. Þetta væri gert því að undanfarin tvö ár hefur verið erfitt að fá næganlega fjölda félaga til að koma á þingið svo það sé löglegt.

SES sagði að seint í maí væri líklega besti tíminn

SL velti því upp hvort apríl væri betri mánuður.

ÁBS sagði að það skipta megin máli að langur fyrirvar væri á því hvenær þingið væri haldið. Nákvæm tímasetning skipti minna máli. Tekið var undir þessi orð ÁBS. Flestir voru þó sammála um að virkur dagur seinni partinn væri besti tíminn.

- AuG og SSE sögðu frá hugmyndinni að opinu húsi sem LÆF ætlar að halda fimmtudaginn 25. mars n.k. Hugmynd er sú að aðildarfélög komi saman og fái tækifæri á að kynna sig og starfsemi sína fyrir stjórnmalamönnum og ungu fólki.

ÁÓA spurði hvort þetta væri ekki einmitt vettvangur fyrir aðildarfélög að kynnast LÆF og sín á milli.

UH sagði að hugmyndin væri að sýna fram á af hverju við erum í þessu starfi og af hverju það skiptir máli fyrir samfélagið.

SES spurði hvort félög gætu enn skráð sig þar sem umsóknarfresturinn væri útrunnin. UH svaraði því til að það væri vel hægt enda vildum við fá sem flest félög með í lið en tilkynning um þátttöku yrði að koma fljótlega.

ÁBS spurði hvort hægt væri að vera með og koma þó IUT hefði ekki endilega neitt sérstakt að kynna á þessum tímapunkti enda félagið í enduruppbyggingu. Því var svarað til að þau ættu endilega að koma.

SL spurði hvað átt væri við með því að hafa heimilslega stemmingu og hvort ekki þyrftu að vera einhver skil milli félaga. HTF sagði að það væri hugmyndin að skil væru á milli félag og hvert þeirra fengi sitt pláss en stefnt væri að því að hafa þetta minna formlegt.

Aðildarfélögum væri þó algjörlega í sjálfsvald sett hvernig þau stæðu að sínum kynningum.

SAB spurði hvernig ætti að kynna daginn. SSE og AuG svöruðu að send yrðir fréttatilkynning á alla fjölmiðla og reynt yrði að komast í viðtöl í útvarpsþáttum. Svo yrði netið að mestuleyti notað til að kynna þetta. AuG sagði að leitað yrði til aðildarfélaga að kynna þetta innan sinna raða og lögð yrði talsverð áhersla á að fá ungt fólk til að koma. SSE sagði að ekki yrði farið í plaggata herferð eða þess háttar.

HMA yfirgaf fundinn kl. 20:17.

SL spurði hvort ekki yrði að vera einhver gulrót fyrir stjórnámálamenn að mæta og þeir verði að fá tækifæri til að taka virkan þátt. UH svarði því að LÆF hafi fengið virkilega góðar móttökur hjá stjórnámálamönnum að mæta á stefnumótið sem LÆF hélt í nóvember. SSE og HTF sögðu að yfirleitt væri ekki erfitt að sannfæra stjórnámálamenn um að þeir bara yrðu að mæta, þetta væri spurning um framsetningu. Þau sögðust bæði hafa meiri áhyggjur af því að ungt fólk mætti ekki.

ÁÓA spurði hvað væri meint með því að félög sem tækju þátt settu fram kynningu á 3 glærum. HTF svaði að það væri hugsa að hvert félag sem væri með sett saman 3 glærum um sitt félag. Allar glærunar yrður svo settar saman í eitt glærushow sem myndi rúlla á stórum vegg á meðan á opna húsinu stæði.

KH spurði hvort ekki þyrfti að vera eitthvað annað en kynning til að fá ungt fólk til að koma, t.d. hljómsveit. Því var svarað að það væri hugmyndi aðreyna hafa einhverja tónlist.

6. Engar aðrar umræður eða önnur mál.

Fundur slitið kl. 20:28.

Fundargerð ritaði:  
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz  
framkvæmdastjóri LÆF